

Nd. 259. Breytingartillögur

við frv. til laga um íbúðarhús á prestssetrum (þskj. 132).

Frá Guðbr. Ísberg og Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús á prestssetrum. Skal styrkurinn nema allt að $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði húsanna, þó eigi yfir 18000 kr. til hvers húss.

2. Við 6. gr. Orðin: „ófullnægjandi kostnaðaráætlun“ falli burt.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, skal bygging þess boðin út opinberlega, með a. m. k. 6 mánaða fyrirvara. Fáist eigi á þann hátt aðgengilegt tilboð, fær ráðherra til mann að framkvæma verk-ið, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirmsiðs skal húsameistari samþykkja.